

Fjárföng ehf

Slita ársreikningur 1.1.-5.11.2024

Fjárföng ehf
kt. 621121-2270
Arnarhvoli, 101 Reykjavík

Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	2
Rekstrarreikningur	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Fjárföng ehf. er ríkisaðili í A3-hluta ríkissjóðs sem var stofnað með heimild í 6. gr. fjárlaga 2021, sbr. lið 5.9.

Hlutverk félagsins er að standa að fjármögnun á minni fjárfestingum hjá ríkisaðilum sem styðja við umbætur og hagræðingu í ríkisrekstri, s.s. hugbúnaðarkerfum, vélum, tækjum o.þ.h.

Félagið hafði engar tekjur á árinu 2024. Tap tímabilsins nam 3,4 m. kr. Hrein eign skv. efnahagsreikningi nam 38,9 m. kr.

Eini hluthafi félagsins hefur lagt til við stjórn félagsins að slíta félaginu frá og með 5. nóvember 2024.

Enginn starfsmaður starfaði hjá félaginu á tímabilinu.

Ríkissjóður Íslands kt. 540269-6459 er eini hluthafi félagsins.

Það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra Fjárfanga ehf. að slíta ársreikningur félagsins sé í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að slíta ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarárangri ársins, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu félagsins 5. nóvember 2024.

Stjórn Fjárföngs ehf. staðfestir hér með slíta ársreikning félagsins fyrir tímabilið 1.1.-5.11. 2024 með undirritun sinni.

Reykjavík, 5. nóvember 2024

Í stjórn félagsins:

Jón Gunnar Vilhelmsson
Stjórnarformaður

Guðrún Birna Finnsdóttir
Stjórnarmaður

Kjartan Dige Baldursson
Stjórnarmaður

Guðrún Birna Finnsdóttir
Framkvæmdastjóri

(undirritað rafrænt)

Rekstrarreikningur tímabilsins 1.1.-5.11.2024

	Skýr	1.1.-5.11.2024	2023
Tekjur			
Leigutekjur		0	0
Tekjur samtals		0	0
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	1	1.449.688	0
Annar rekstrarkostnaður	2	1.917.923	2.648.173
Gjöld samtals		3.367.611	2.648.173
Afkoma fyrir fjármagnsliði		(3.367.611)	(2.648.173)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður		0	0
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(765)	(2.871)
		(765)	(2.871)
Hagnaður (tap)		<u>(3.368.376)</u>	<u>(2.651.044)</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 5. nóvember 2024

	Skýr	05.11.1.1.-5.11.2024	31.12.2023
Eignir			
Veltufjármunir			
Tengdir aðilar	3	38.879.727	126.877.999
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður		0	37.800.000
Veltufjármunir samtals		<u>38.879.727</u>	<u>164.677.999</u>
Eignir samtals		<u><u>38.879.727</u></u>	<u><u>164.677.999</u></u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	4		
Hlutfé		50.000.000	50.000.000
Ójafnað tap		(11.120.273)	(7.751.897)
Eigið fé samtals		<u>38.879.727</u>	<u>42.248.103</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar		0	122.429.896
Skuldir samtals		<u>0</u>	<u>122.429.896</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>38.879.727</u></u>	<u><u>164.677.999</u></u>
Aðrar upplýsingar	5		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 1.1.-5.11.2024

	Skýr	1.1.-5.11.2024	2023
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma tímabilsins		(3.368.376)	(2.651.044)
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		37.800.000	(37.800.000)
Tengdir aðilar		(34.431.624)	(4.448.103)
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		0	0
		3.368.376	(42.248.103)
Handbært fé frá rekstri		0	(44.899.147)
Fjármögnunarhreyfingar			
Tengdir aðilar		0	0
		0	0
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		0	(44.899.147)
Handbært fé í byrjun árs		0	44.899.147
Handbært fé í lok		0	0

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Starfsemi

Fjárföng ehf., kt. 621121-2270 er íslenskt einkahlutafélag. Höfuðstöðvar félagsins eru að Arnarhvoli, 101 Reykjavík. Félagið starfar á grundvelli laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög.

Hlutverk félagsins er að standa að fjármögnun á minni fjárfestingum hjá ríkisaðilum sem styðja við umbætur og hagræðingu í ríkisrekstri, s.s. hugbúnaðarkerfum, vélum, tækjum o.þ.h.

Ríkissjóður Íslands er eini eigandi félagsins og er ríkisaðili í A3-hluta ríkissjóðs og er félagið hluti af ríkisreikningi.

Fyrir liggur að félaginu verði slitið miðað við 5. nóvember 2024.

Grundvöllur reikningsskila

Slita ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð hans. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðsstreymi sem er gert á greiðslugrunni.

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlaun reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Tekjur

Leigutekjur af eignum eru færðar í rekstrarreikning í samræmi við leigusamninga á leigutímanum. Þannig eru tekjur vegna veittrar þjónustu færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	1.1.-5.11.2024	2023
1 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður		
Laun	1.200.000	0
Launatengd gjöld	249.688	0
	<u>1.449.688</u>	<u>0</u>
Meðalfjöldi stöðugilda	0	0,0

	1.1.-5.11.2024	2023
2 Annar rekstrarkostnaður		
Sérfræðipjónusta	1.620.000	2.284.880
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	0	228.974
Opinber gjöld	297.923	134.319
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>1.917.923</u>	<u>2.648.173</u>

	5.11.2024	31.12.2023
3 Tengdir aðilar		
Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.		
<i>Kröfur á tengda aðila:</i>		
Aðrir ríkisaðilar	38.879.727	126.877.999
	<u>38.879.727</u>	<u>126.877.999</u>
<i>Skuldir við tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningur við ríkissjóð	0	115.942.502
Viðskiptareikningar við ríkisaðila	0	6.487.394
	<u>0</u>	<u>122.429.896</u>

4 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	Hlutfé	Ójafnað tap	Samtals
Hrein eign			
Jöfnuður 1.1.	50.000.000	(7.751.897)	42.248.103
Hagnaður (tap) fram að slitardegi		(3.368.376)	(3.368.376)
Jöfnuður við slit	<u>50.000.000</u>	<u>(11.120.273)</u>	<u>38.879.727</u>

5 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Engir skuldbindandi samningar hjá félaginu við slit.

Veittar ábyrgðir

Félagið hefur ekki gengist í neinar ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óafturkallanleg loforð

Félagið hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á slit þess.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar eftir slit.